

Starfsáætlun Grenivíkurskóla

2024-2025



Efnisyfirlit

UM SKÓLANN	4
1.1 Aðalmarkmið Grenivíkurskóla	4
1.2 Starfsfólk	4
1.3 Nemendur	4
1.4 Nefndir og ráð	5
1.4.1 Foreldrafélag	5
1.4.2 Nemendaráð	5
1.4.3 Nemendaverndarráð	5
1.4.4 Fræðslu- og æskulýðsnefnd	5
1.4.5 Slysa- og áfallaráð	6
1.4.6 Skólaráð	6
SKIPULAG OG STJÓRNUN	7
2.1 Skólastarfið	7
2.2 Umsjónarkennrarar	7
2.3 Skipurit skólans	8
2.4 Innra mat Grenivíkurskóla	8
SKÓLABRAGUR	10
3.1 Skólareglur	10
3.2 Skólasókn (veikindi – óveður – leyfi)	10
3.2.1 Veikindi	10
3.2.2 Óveður	10
3.2.3 Leyfi	10
3.3 Frímínútur	11
3.4 Mötuneyti og nesti	11
3.5 Skólaakstur	11
3.6 Skólavistun	11
3.7 Heimsóknir barna í skólann	11
3.7.1 Stuttar heimsóknir	11
3.7.2 Lengri dvöl gestanemanda í skólanum.	12
3.8 Skólabókasafn	12
3.9 Heimasíða	12
3.10 Óskilamunir	12
NÁM OG KENNSLA	13
4.1 Skóladagatal 2024 – 2025 - starfsáætlun nemenda	13
4.2 Kennsluáætlanir, heimanám og val nemenda	13
4.3 Námfús	13
4.4 Kennslustundir	14
4.5 Stuðningskennsla	14
4.6 Farsæld barna	15
4.7 Forfallakennsla	15
4.8 Samræmd próf	15

4.9 Þróunarverkefni	15
4.10 Símenntun kennara	16
4.11 Tónlistarskóli Eyjafjarðar	16
AÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF	17
5.1 Heilsugæsla	17
5.2 Þjónustusamningur við Akureyrarbæ	17
5.3 Talkennsla	17
FÉLAGSLÍF NEMENDA	18
6.1 Samskólasamstarf	18
6.2 Skólaferðalag unglingsastigs	18
6.3 Ferðir á vegum skólans	18
6.4 Vorskemmtun Grenivíkurskóla	18
6.5 Félagsmiðstöðin Gryfjan	18

UM SKÓLANN

1.1 Aðalmarkmið Grenivíkurskóla

Einkunnarorð skólans eru: **hugur, hönd og heimabyggð**. „Hugur“ víesar til þess andlega afsl sem býr í nemendum og starfsfólki, getuna til að hugsa gagnrýnið og skilja heiminn í kringum okkur. „Hönd“ stendur fyrir framkvæmdir, það að vinna með þá þekkingu sem aflað hefur verið og einnig það nám sem fram fer með því að skapa og finna lausnir í verklegum greinum. „Heimabyggð“ er okkur mikilvæg, þekking á sögu og umhverfi, þátttaka í félagsstarfi og atvinnulífinu. Nemendur læra að þekkja sína heimabyggð og skilja hvernig nærsamfélagið virkar.

Einkunnarorðin „hugur“ og „hönd“ passa vel við hugtökin „þekking“ og „leikni“ í aðalnámskrá grunnskóla. Hugur víesar til þekkingar og hönd til leikni. Þegar þessi atriði koma saman, og nemendur samtvinna þekkingu og leikni, verður til hæfni, sem er lykilhugtak í öllu námi og það sem við stefnum ávallt að; að auka hæfni nemenda.

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Skólaheiti Grenivíkurskóla er: „**Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta.**“

Í skólaheitinu felst að skólinn leitast við að haga skólastarfinu í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð að nýta námstímann vel og að allir geti nýtt hæfileika sína til fulls.

1.2 Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk Grenivíkurskóla er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/starfsfolk>

1.3 Nemendur

Skólaárið 2024-2025 stunda 48 nemendur nám við Grenivíkurskóla (við upphaf skólaárs) og er þeim skipt í þrjá námshópa. Í 1.-4. bekk eru 12 nemendur, í 5.-7. bekk eru 15 nemendur og í 8.-10. bekk er 21 nemandi.

Skólaárið 2024-2025 verður áfram unnið með teymiskennslu og teymisvinnu í skólanum og því eru námshópar færri en áður tíðkaðist. Nemendur í hverjum námshópi eru þó ekki ávallt saman í kennslustundum, t.d. er þeim skipt í fámmennari hópa í list- og verkgreinum, sundi og íþróttum. Teymiskennslan býður almennt upp á möguleikann á fjölbreyttri hópaskipan, allt eftir efni og aðstæðum hverju sinni.

1.4 Nefndir og ráð

1.4.1 Foreldrafélag

Við Grenivíkurskóla er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru: að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári.

Upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins og starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans: www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/foreldrarad

1.4.2 Nemendaráð

Við Grenivíkurskóla er starfandi nemendaráð. Helstu verkefni ráðsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skipuleggja viðburði fyrir nemendur skólans. Ráðið fundar reglulega á skólaárinu, ýmist eitt og sér eða með skólastjóra.

Upplýsingar um nemendaráð og starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans: <https://www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/nemendarad>

1.4.3 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Grenivíkurskóla starfar samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 og reglugerð nr. 584 frá 2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Markmiðið er að bæta sérfræðipjónustu við nemendur og gera hana skilvirkari.

Upplýsingar um nemendaverndarráð er að finna á heimasíðu skólans: <https://www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/nemendaverndarrad>

1.4.4 Fræðslu- og æskulýðsnefnd

Í hverju skólasamfélagi skal vera fræðslu- og æskulýðsnefnd. Í Grýtubakkahreppi eiga 5 fulltrúar sæti í fræðslu- og æskulýðsnefnd auk skólastjóra, fulltrúa frá foreldrafélaginu og fulltrúa kennara. Nefndin fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn kann að fela henni.

Upplýsingar um fræðslu- og æskulýðsnefnd Grýtubakkahrepps er að finna á heimasíðu skólans:

<https://www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/fraedslu-og-aeskulydsnefnd>

1.4.5 Slysa- og áfallaráð

Slysa- og áfallaráð er hópur fagfólks sem skipuleggur áætlanir og viðbrögð við ýmsum aðstæðum, áföllum og hættum sem skapast geta í lífi og starfi nemenda og starfsfólks. Slysa- og áfallaráð vinnur einnig að því að öryggismál skólans séu í lagi. Slysa- og áfallaráð sér um gagnabanka sem samanstendur af áætlunum um viðbrögð við ýmsum aðstæðum, neyðarsímanúmerum og fræðsluefninum um áfallahjálp svo eitthvað sé nefnt. Ráðið sér einnig um að neyðargögn séu til staðar.

Slysa- og áfallaráð skipa: Skólastjóri, fagstjóri stuðningskennslu, skólahjúkrunarfræðingur, prestur eða ráðgjafi með sálfræðimenntun og fulltrúi starfsfólks.

Upplýsingar um slysa- og áfallaráð er að finna á heimasíðu skólans:
<https://www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/slysa-og-afallarad>

1.4.6 Skólaráð

Skv. 8. gr. grunnskólalaga skal starfa skólaráð við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra, valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Upplýsingar um skólaráð er að finna á heimasíðu skólans:
<https://www.grenivikurskoli.is/is/moya/page/skolarad-1>

SKIPULAG OG STJÓRNUN

2.1 Skólastarfið

Haustið 2024 eru í Grenivíkurskóla 48 nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendum er skipt í þrjá námshópa. Í 1.-4. bekk eru 12 nemendur, í 5.-7. bekk eru 15 nemendur og í 8.-10. bekk er 21 nemandi. Skólinn hefur innleitt teymiskennslu með áherslu á samkennslu árganga undir stjórn 2-3 kennara, en þó er einnig ávallt lögð mikil áhersla á einstaklingsmiðað nám. Þess ber að geta að nemendur í námshópunum eru ekki alltaf saman því þeim er skipt í fámennari hópa í ýmsum greinum, allt eftir efni og aðstæðum hverju sinni. Ljóst er að æskilegt væri að gera nokkrar breytingar á húsnæði skólans til þess að aðlaga það betur að hugmyndafræði teymiskennslunnar og verða möguleikar á slíkum breytingum skoðaðir á næstu misserum.

Við skólann starfa nú í haust 9 kennrarar, skólastjóri, 2 skólaliðar, matráður og tveir aðstoðarmatráðar, skólahjúkunarfræðingur, bókavörður og umsjónarmaður fasteigna. Umsjónarmaður fasteigna í Grýtubakkahreppi hefur yfirumsjón með húsnæði skólans og bókavörður sér um bókasafn skólans og þá sér skólabílstjóri um skólaakstur í verktöku. Sum starfanna við skólann eru hlutastörf.

Kennarafundir og teymisfundir eru á mánudögum og samvinna kennara er á fimmtudögum þegar þurfa þykir. Auk þess sér hvert teymi saman um undirbúning og úrvinnslu kennslu og sinnir nemendamálum. Skólastjóri stjórnar daglegu starfi í skólanum. Skólaliðar annast m.a. eftirlit með umgengni nemenda á daginn og sjá um ræstingu á húsinu.

Skólinn er opinn frá klukkan 08:00 – 16:00 virka daga (8:00-14:30 á föstudögum) en lokaður um helgar.

- **Sími: 414 5413**
 - Skólastjóri: 414 5410
- Netfang: grenivikurskoli@grenivikurskoli.is
- Heimasíða: <http://www.grenivikurskoli.is>

Skólastarf hefst klukkan 8:20 alla virka daga og skóladegi nemenda lýkur alla daga kl. 14:00. Nemendur fara heim þegar skóla lýkur. Engin skólavistun er að loknum hefðbundnum skóladegi þennan veturinn. Útifatnaður, skór og annar fatnaður er ekki geymdur í skólanum. Nemendur á unglingsastigi geta fengið að vera í húsnæði skólans eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til að sinna verkefnum tengdum skólastarfinu. Um slíkt geta nemendur samið við skólastjóra eða umsjónarkennara.

2.2 Umsjónarkennrar

Allir nemendur hafa umsjónarkennara. Misjafnt er hve marga tíma umsjónarkennrar kenna sínum bekk/hóp. Umsjónarkennari á að:


- Gæta hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans og leitast við að hafa ætíð sem besta vitneskju um nám og líðan þeirra.

- Vera tengiliður skólans við foreldra/forráðamenn umsjónarnemenda.
- Fylgjast með námsframvindu umsjónarnemenda og leiðbeina þeim svo þeir nái sem bestum árangri í náminu.
- Fylgjast með skólasókn.

Umsjónarkennrar skólaárið 2024 – 2025

Umsjónarkennari	Bekkur	Viðtalstími
Steinunn Adolfsdóttir	1. – 4. b.	Eftir samkomulagi
Hólmfríður Björnsdóttir og Inga María Sigurbjörnsdóttir	5. – 7. b.	Eftir samkomulagi
Edda Björnsdóttir og Gabríela Sól Magnúsdóttir	8. – 10. b	Eftir samkomulagi

2.3 Skipurit skólans



Umsjónarmaður fasteigna heyrir undir sveitarstjórn en starfs síns vegna þarf hann að eiga samskipti við starfsfólk og nemendur skólans.

2.4 Innra mat Grenivíkurskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, kafla VII. grein 35. um markmið með mati á skólastarfi, segir:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er því að tryggja að starfsemi grunnskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Innra mati er ætlað, skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögnum.

Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og umbætur enda segir í 36. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

„Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Mikilvægt er að skólastarfinu sé vörðuð leið að þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Með innra mati í Grenivíkurskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því.

Matið þarf að gefa upplýsingar um hverju þurfi að breyta eða bæta til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra matinu er leitast við að auðvelda forgangsröðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Haustið 2024 var mótuð langtímaáætlun, til 3 ára, um innra mat í Grenivíkurskóla. Þeirri áætlun er ætlað að mynda ramma utan um þá matsþætti sem liggja til grundvallar innra mati hverju sinni. Hins vegar er mikilvægt að skólinn sé einnig opinn fyrir því að grípa ákveðna þætti í starfi skólans, sem mögulega er þörf á að skoða sérstaklega, með stuttum fyrirvara og beygja þá af fyrirfram varðaðri leið um innra mat skólans. Út frá þessari langtímaáætlun er svo gerð áætlun um viðfangsefni innra mats fyrir hvert skólaár.

Grenivíkurskóli mun halda áfram að þróa sjálfsmatsaðferðir sínar á næstu árum og leitast við að nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun. Það skal tryggt að matið sé kerfisbundið, hafi skýr markmið og byggi á traustum gögnum og að allir hópar skólasamfélagsins hafi aðkomu að því. Þá skal matið vera greinandi og umbótamiðað og ávallt skulu helstu niðurstöður, sem og umbótaáætlanir, vera opinberar og aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Áætlanir skólans um innra mat er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

<https://www.grenivikurskoli.is/is/nam-kennsla/arsskyrsla>

SKÓLABRAGUR

Það er siðferðileg og lagaleg skylda starfsfólks skólans að leiðbeina nemendum og kenna þeim aga og góð samskipti. Við viljum gera allt sem við getum til þess að börnum og fullorðnum líði sem best í skólanum. Það skiptir miklu máli að nemendur mæti hlýju og glaðlegu viðmóti en jafnframt festu.

3.1 Skólareglur

Skólareglur Grenivíkurkóla eru venjulegar umgengnisreglur sem allir ættu að fara eftir. Lykilatriðin í þessum umgengnisreglum eru: **öryggi, umhyggja og virðing.**

Skólareglur Grenivíkurkóla er að finna á heimasíðu skólans.

<https://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/skolareglur/skolareglur-grenivikurskola>

Skólinn hefur einnig sett sér reglur um farsíma- og snjalltækjanoktun nemenda. Þær reglur er einnig að finna á heimasíðu skólans.

<https://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/skolareglur/reglur-um-farsima-og-snjalltaeki-anotkun-i-grenivikurskola>

3.2 Skólasókn (veikindi – óveður – leyfi)

3.2.1 Veikindi

Grunnskólar eru ætlaðir frískum börnum. Ef barn veikist í skólanum er haft samband við foreldra/forráðamenn og nemandinn sendur heim. Komist nemandi ekki í skólann vegna veikinda skulu foreldrar/forráðamenn tilkynna það umsjónarkennara eða skólastjóra **alla daga** sem veikindi standa yfir; símleiðis, eða í gegnum tölvupóst. Æskilegt er að barnið sé hitalaust heima í a.m.k. 1 sólarhring áður en komið er í skólann eftir veikindi.

Skipulagið í grunnskólum gengur út á starf með frískum börnum og ekki er gert ráð fyrir starfsfólki til að sjá um nemendur sem ekki geta tekið þátt í daglegu starfi skólans. Þegar nemandi kemur aftur í skólann eftir veikindi á hann að vera tilbúinn að taka þátt í öllu skólastarfi, jafnt úti sem inni. Fyrstu dagana eftir mikil veikindi getur nemandi fengið að vera inni í löngu frímínútum, þurfa þá foreldrar að hafa samband við skólann og biðja um það. Sama gildir um íþróttir og sundkennslu.

3.2.2 Óveður

Ef veður er tvísýnt metur skólabílstjóri það í samráði við foreldra/forráðamenn hvort hann skuli sækja börnin. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem ganga í skólann verða að meta hvort þau eigi að fara. Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu verður reynt að koma tilkynningu þar um í Ríkisútvarpið og á sú tilkynning að heyrast í fréttum klukkan 08:00. Eins verður sett inn tilkynning á heimasíðu skólans, fésbókarsíðu og tölvupóstur og/eða SMS sent til foreldra ef hægt er.

3.2.3 Leyfi

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að snúa sér til umsjónarkennara með eins dags leyfi fyrir nemendur en til skólastjóra ef um lengra leyfi er að ræða.

Um slík leyfi segir í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

„Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita síka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.“

3.3 Frímínútur

Í skólanum er almennt kennt í 80 mínútna kennslulotu, en þó hefjast allir dagar á einni 40 mínútna kennslustund þar sem ýmist er farið í lestur/hreyfistund, samveru eða gæðahring. Á milli kennslulota fá nemendur frímínútur sem þeir geta nýtt til þess að leika sér, spjalla saman, lesa, slappa af eða læra. Klukkan **10:35 – 10:50** eru svokallaðar löngu frímínútur. Fyrirkomulag þeirra er sem hér segir:

- ❖ Nemendur í **1. - 4. bekk** fara út alla daga þegar veður leyfir. Nemendur þurfa því að koma í skólann klæddir eftir veðri. Starfsfólk skólans sér um gæslu.
- ❖ **Allir** nemendur skólans fara út á þriðjudögum og fimmtudögum.

Nemendur í **5. – 10. bekk** hafa um þrennt að velja þá daga sem þeir geta verið inni:

- a. að fara út.
- b. að vera í heimastofu eða á efri/neðri hæð skólans.
- c. að nýta sali skólans eftir skipulagi sem sett er upp að hausti.

3.4 Mötuneyti og nesti

Upplýsingar um mótneyti, matseðla og nesti er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/motuneytid>

3.5 Skólaakstur

Upplýsingar um skólaakstur er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/skolaakstur-1>

3.6 Skólavistun

Upplýsingar um skólavistun er að finna á heimasíðu skólans (þegar skólavistun er starfandi):

<http://www.grenivikurskoli.is/is/stodthjonusta/skolavistun>

3.7 Heimsóknir barna í skólann

3.7.1 Stuttar heimsóknir

Nemendur annarra skóla geta fengið að koma í stuttar heimsóknir í Grenivíkurskóla. Yfirleitt er þá miðað við að gesturinn sé hálfan til heilan dag í skólanum og komi með námsefni til að vinna í meðan á heimsókn stendur. Kennrar skólans útvega ekki námsefni fyrir gesti, en ef þeir eru verkefnalausir er að sjálfsögðu reynt að leysa slíkt. Gestir skulu hlíta skólareglum og fara að fyrirmælum starfsfólks. Gestir þurfa einnig að vera með íþróttaföt ef við á og útifatnað.

Leyfi þarf að fá fyrir heimsókninni hjá skólastjóra a.m.k. sólarhring áður en nemandi kemur í skólann. Skólastjóri athugar hvort kennrar hópsins geta tekið við auka

nemanda. Mögulega er staða hópsins slík að heimsóknir eru óæskilegar, kannanir og próf geta verið í gangi eða annað komið upp. Heimsóknir þarfust undirbúnings og miðað við upplýsingar frá kennurum tekur skólastjóri ákvörðun um hvort leyfi er veitt.

3.7.2 Lengri dvöl gestanemanda í skólanum.

Barn á skólastyldualdri sem dvelur um lengri tíma í sveitarféluginu, getur beðið um að koma sem gestanemandi í skólann. Kennrarar og skólastjóri meta þá í sameiningu hvort hægt er að verða við slíkri beiðni. Hvert tilvik er skoðað sérstaklega og samráð haft við skóla nemandans ef þurfa þykir.

3.8 Skólabókasafn

Upplýsingar um bókasafnið er að finna á heimasíðu skólans:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/stodthjonusta/bokasafn>

3.9 Heimasíða

Skólinn heldur úti virkri heimasíðu. Á henni eru að finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið. Settar eru inn fréttir og myndir af starfi nemenda og starfsfólks.

Allar ábendingar varðandi heimasíðuna eru vel þegnar. Slóð síðunnar er:

<http://www.grenivikurskoli.is>

3.10 Óskilamunir

Nemendur eiga það til að gleyma ýmsu í skólanum, á skólalóð, íþróttahúsi og sundlaug. Þessum hlutum er safnað saman og þeir geymdir. Ýmis verðmæti eru geymd hjá skólastjóra. Ef fatnaður týnist eða önnur verðmæti, skal leita til starfsfólks eða kíkja á óskilamunasnagana í anddyri íþróttamiðstöðvarinnar. Mikilvægt er að merkja allar eigur með nafni og símanúmeri. Engin ábyrgð er tekin á verðmætum eða hvarfi lausafjármuna og fatnaðar.

NÁM OG KENNSLA

4.1 Skóladagatal 2024 – 2025 - starfsáætlun nemenda

Á skóladagatalinu koma fram dagsetningar er varða ýmsa þætti skólastarfsins, s.s. skipulagsdagar kennara, viðtalsdagar, jólafrí, páskafrí, uppbrotsdagar o.s.frv.

Skólaárið hjá nemendum afmarkast af skólastetningu 22. ágúst og skólaslitum 30. maí. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans. Einnig má fá eintak hjá skólastjóra. Á skóladagatali sjást starfsdagar kennara (sem eru 5 á starfstíma nemenda), jólafrí, vetrarfrí, páskafrí og aðrir frídagar.

Foreldrar/forráðamenn nýrra nemenda auk þeirra foreldra/forráðamanna sem þess óska mæta með sínu barni í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Allir nemendur mæta svo, ásamt foreldrum/forráðamönnum í viðtöl 12. nóvember og 12./13. febrúar. Í þessum viðtöllum er farið yfir námsmat og almenna stöðu nemenda. Lögð er á það áhersla að nemendur **eiga að mæta** með foreldrum/forráðamönnum í þessi viðtöl.

Skóladagatal Grenivíkurskóla:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/skoladagatal>

4.2 Kennsluáætlanir, heimanám og val nemenda

Kennsluáætlanir nemenda verða gerðar aðgengilegar bæði foreldrum og nemendum. Einnig fá nemendur styttri áætlanir til að vinna með í tínum og heima.

Heimanám er ágæt leið til að tengja foreldra/forráðamenn við nám barna sinna. Öllum nemendum er ætlað eitthvert heimanám, mismikið eftir skólastigum. Heimanám á ekki að vera kvöð heldur hluti af skólastarfinu sem skerpir sýn nemenda á námið og er góð leið til að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Nemendur á mið- og unglingsastigi geta valið milli nokkurra greina í frjálsu vali. Um er að ræða tvær kennslustundir á viku en þar að auki eru nemendur á unglingsastigi með tvær kennslustundir á viku í svokallaða heimanámstíma og tvær kennslustundir í svökölluðu utanskólavali. Skólaárinu eru skipt í 3 lotur (ca. 10-12 vikur hver lota) og í hverri lotu geta nemendur valið á milli 2-4 námsgreina eða smiðja. Meðal smiðja sem nemendur munu sækja í veturnu eru útvistarval, bílukast, leiklist, bakstur, skólahreysti og fleira.

Skólinn er vinnustaður nemenda og geta þeir nýtt aðstöðuna í skólanum eftir að stundaskrá sleppir með leyfi kennara eða skólastjóra.

4.3 Námfús

Upplýsingakerfið Námfús (<http://www.namfus.is>) er ætlað kennurum, nemendum og foreldrum/forráðamönnum. Kerfið nota kennarar til að skrá inn námsmat og það er einnig notað til að koma tilkynningum til foreldra í gegnum tölvupóst. Þá er ástundun nemenda skráð í kerfið. Þessar upplýsingar eru síðan aðgengilegar foreldrum og/eða forráðamönnum.

4.4 Kennslustundir

Hver kennslustund er 40 mínútur en þó er almennt kennt í 80 mínútna lotum án þess að hlé sé gert á kennslu. Kennsla hefst kl. 8:20 alla morgna. Á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum hefst skóladagurinn á 40 mínútna hreyfistund og lestri. Á þriðjudögum er samvera í fyrstu kennslustund og á fimmtudögum er gæðahringur í fyrstu kennslustund. Stundum eru þeir dagar þó einnig nýttir fyrir hreyfistund og/eða lestri, t.d. ef samveran eða gæðahringurinn tekur skamman tíma. Að lokinni fyrstu kennslustund er boðið upp á morgunmat í mötuneytinu kl. 9:00. Klukkan 9:15 tekur við kennslulota sem stendur til 10:35. Þá eru 15 mínútna frímínútur. Frá 10:50-12:10 er kennslulota og kl. 12:10 er hádegismatur í mötuneytinu. Að loknum hádegismat tekur við síðasta kennslulota dagsins, frá 12:40-14:00. Kennslu lýkur kl 14:00 alla daga hjá öllum nemendum.

Kennarar skipuleggja kennslustundir. Gagnkvæm virðing á að ríkja og vinnufriður. Enginn hefur rétt á því að trufla vinnu annarra, hvort sem það eru kennarar eða nemendur. Nemendur fá frímínútur á milli kennslulota. Hádegishlé nemenda er 30 mínútur. Stundaskrá nemenda gildir allan veturinn. Hana má sjá í Námfús og allir nemendur fá afhenta stundaskrá við upphaf skóla að hausti. Kennslustundafjöldi er sá sami hjá öllum nemendum, 35 kennslustundir á viku, en því til viðbótar er unglingsastigið með 2 kennslustundir í utanskólalavi.

- 1. - 4. b. - Yngsta stig ↗ 35 kennslustundir á viku.
- 5. - 7. b. - Miðstig ↗ 35 kennslustundir á viku.
- 8. - 10. b. - Unglingastig ↗ 35 kst á viku + 2 í utanskólalavi = 37 kst á viku.

4.5 Stuðningskennsla

Engir tveir einstaklingar eru eins, sem betur fer. Sumir þarfnaðast meiri aðstoðar en aðrir og sér Grenivískurskóli þeim nemendum fyrir stuðningskennslu. Kennarateymi hvers námshóps skipuleggur sitt starf með þeim hætti að þörfum allra nemenda sé mætt með sem bestum hætti. Slíkt skipulag getur tekið breytingum frá einum tíma til annars og er því í reglulegri endurskoðun.

Stuðningur við nemendur getur t.a.m. falist í aðlöguðu námsefni, auknum stuðningi kennara, ýmis konar hjálparögnum o.s.frv. Teymiskennslan bíður upp á möguleika á fjölbreyttri hópaskiptingu eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni. Þannig geta ýmist allir nemendur í námshópi verið saman í kennslu en einnig getur verið heppilegt að skipta nemendum í smærri hópa eða jafnvel vinna með einstaka nemendur. Mikil áhersla er lögð á samstarf kennara í hverju teymi til að gera kennsluna markvissa og árangursríka og tryggja stuðning við alla nemendur.

Grýtubakkahreppur hefur gert samning við Akureyrarbæ um greiningar- og sérfræðiþjónustu. Engir sérkennrarar starfa við skólann en kennarar annast þá

nemendur sem þurfa sérstakan stuðning til lengri eða skemmri tíma í samræmi við þær greiningar sem gerðar eru. Nemanda er aldrei vísað í greiningu án samráðs við foreldra/forráðamenn.

Fagstjóri stuðningskennslu er Guðrún Árnadóttir.

4.6 Farsæld barna

Börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana. Lög um sambætta þjónustu í þágu farsældar barns (oftast nefnd Farsældarlögin) eiga að tryggja skipulag og samfelli og hafa það markmið að skapa heildarsýn og ramma um þau þjónustukerfi sem skipta mestu máli fyrir farsæld barna.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við sambættingu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns.

Foreldrar og börn geta alltaf leitað sjálf til tengiliðar í nærumhverfi barnsins og óskað eftir sambættri þjónustu.

Tengiliður farsældar í Grenivíkurkóla er Guðrún Árnadóttir.

4.7 Forfallakennsla

Skólinn sinnir forfallakennslu eftir því sem aðstæður leyfa. Ef kennari forfallast verður leitað til þeirra kennara sem eru með eyður í stundaskrá og geta sinnt forföllum. Ef enginn kennari er laus er nemendum bent á að fara á bókasafnið, spila á spil eða jafnvel fara í íþróttasalinn. Eins geta nemendur nýtt slíkar eyður til að vinna ákveðin verkefni sem á eftir að ljúka. Skólaliðar fylgjast með nemendum þegar enginn kennari getur sinnt forfallakennslu en taka ber fram að skólaliðar sjá ekki um kennslu heldur hafa einungis auga með nemendum. Þetta á ekki við um 1. – 4. bekk, þar sér kennari alltaf um forföll.

4.8 Samræmd próf

Samkvæmt ákvörðun mennta- og barnamálaráðuneytisins verða samræmd könnunarpróf ekki lögð fyrir á skólaárinu og þróun Matsferils, nýrrar verkfærakistu til kennara og skóla, heldur áfram. Matsferill mun innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni fyrir grunnskólanemendur og kennara til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur.

4.9 Þróunarverkefni

Skólinn er þátttakandi í þó nokkrum þróunarverkefnum. Skólinn er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli, Grænfánaverkefnið er í sífelliðri þróun og litar allt skólastarfið, unnið er með Byrjentalæsi á yngsta stigi og þá er Olweusaráætlunin gegn einelti virk í skólanum. Enn fremur hefur skólinn innleitt Hugarfrelsi og þá er skólinn sífellt að þróa sig áfram í teymiskennslu og teymisvinnu. Öll þessi verkefni eru í stöðugri þróun og setja svip sinn á skólastarfið. Verkefnisstjórar eða þróunarteymi sjá um að fylgja því eftir að verkefnin séu virk í skólastarfinu í samstarfi við skólastjóra og annað starfsfólk skólans.

[Nánari upplýsingar um verkefnin er að finna á heimasíðu skólans.](#)

4.10 Símenntun kennara

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli, að frumkvæði skólastjóra, að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennrarar og annað starfsfólk Grenivíkurkóla á kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, en til símenntunar starfsfólks telst öll formleg fræðsla eins og nám, námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundir. Einnig telst óformleg fræðsla eins og vettvangsferðir, handleiðsla, kynningar á kennarafundum, heimsóknir í kennslustundir hjá samkennurum og skipulagðir leshringir til símenntunar.

Símenntun starfsfólks má skipta í tvennt, annars vegar námskeið og fræðsla sem allt starfsfólk tekur þátt í og hins vegar námskeið og fræðsla sem hver og einn kýs að sækja sér. Samskóladagur er haldinn á hverju hausti þar sem starfsfólk SAM-skólanna hittist og hlýðir á fyrirlestra og hittist á fagfundum.

Skólaárið 2024-2025 er meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi þætti í símenntun starfsfólks:

- Teymiskennsla, fjölbreyttir kennsluhættir og skapandi skólastarf
- Fræðslu um einhverfu
- Hreyfing, líkamleg og andleg vellíðan starfsfólks og nemenda
- Læsi
- Umhverfismennt
- Hagnýting upplýsingatækni í námi.

Kennrarar sjá sjálfir um að skrá niður menntun sína á þar til gert eyðublað sem skilað er til skólastjóra að vori. Að hausti er farið yfir símenntunaráætlunina með starfsfólk í starfsmannaviðtölum og línur lagðar fyrir skólaárið.

4.11 Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Í Tónlistarskóla Eyjafjarðar er í vetur boðið upp á kennslu á píanó, harmonikku, trommur, gítar, blásturshljóðfæri og söng.

Tónlistarnemendur fara úr kennslustundum í skólanum til að sækja tónlistarnámið. Reynt er að flytja tónlistartímana til á stundaskránni til að nemendur missi ekki alltaf af kennslustundum í sömu námsgreinum í skólanum. Tónleikahald er tengt við starfsemi grunnskólanna og er reiknað með að hver nemandi komi fram minnst tvívar á hverjum vetri.

AÐSTOÐ OG RÁÐGJÖF

5.1 Heilsugæsla

Heilsugæsla Grenivíkurskóla heyrir undir heilsugæsluna á Grenivík. Sesselja Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur sinnir skólaheilsugæslu og er hennar viðverutími í skólanum að jafnaði flesta miðvikudaga á milli kl. 09:00 og 12:00. Hægt er að ná í hana á þeim tíma í síma 414-5414 eða 894-8981.

Nánari upplýsingar um heilsugæslu Grenivíkurskóla er að finna á heimasíðu skólans: <https://www.grenivikurskoli.is/is/skolinn/skolahjukrun>

5.2 Þjónustusamningur við Akureyrbær

Grýtubakkahreppur hefur gert þjónustusamning við Akureyrbær er varðar ýmsa þjónustu, t.a.m. vegna sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, málefna fatlaðra, vegna barnaverndarmála og fleira. Grenivíkurskóli nýtir skólabjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrbæjar vegna sérfræðiþjónustu og sérkennsluráðgjafar, en þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum. Skólinn og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólabjónustunnar vegna málefna einstakra barna, en tilvísunarblöð til útfyllingar má nálgast í skólanum.

Markmiðið með sérfræðiþjónustunni er að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða.

Skólabjónusta fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðiþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl. Sérkennsluráðgjafi er Elva Eir Þórólfssdóttir og skolasálfræðingur Grenivíkurskóla er Thelma Rún Van Erven. Þá er skólinn með tengilið hjá barnavernd Eyjafjarðar.

Eftifarandi þjónustu stendur skólanum og foreldrum/forráðamönnum einnig til boða að nýta sér eftir aðstæðum.

- Barnaverndarteymi sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.
- Félagsþjónustuteyimi fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, broskabjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.

5.3 Talkennsla

Sonja Magnúsdóttir talkennari kemur reglulega í skólann og hittir sína skjólstæðinga. Sonja er einnig kennurum innan handar og veitir góð ráð ef á þarf að halda.

FÉLAGSLÍF NEMENDA

6.1 Samskólasamstarf

Samstarf samskólanna (Grenivíkurskóla, Stórutjarnaskóla, Valsárskóla og Þelamerkurskóla) heldur áfram á skólaárinu. Nemendur á miðstigi og unglingsastigi hittast reglulega yfir veturninn og gera sér glaðan dag. Samskóladagur verður haldinn í Þelamerkurskóla fyrir nemendur á miðstigi í október og þá verður samskóladagur í maí fyrir sömu nemendur í Stórutjarnaskóla. Nemendur á unglingsastigi halda samskóladag í Valsárskóla í september og annan slíkan í Grenivíkurskóla í maí.

Dagsetningar á viðburðum samskólanna eru ákveðnar af skólastjórum en framkvæmdin er í höndum nemenda og starfsfólks. Dagsetningar og staðsetning samskóladaganna eru á skóladagatali.

6.2 Skólaferðalag unglingsastigs

Unglingsastig Grenivíkurskóla fer í skólaferðalag á þriggja ára fresti. Nemendur sjá sjálfir um að safna fyrir ferðinni og fá hjálp frá foreldrum/forráðamönnum og starfsfólk Grenivíkurskóla. Nemendur stunda sölumennsku af ýmsum toga, standa fyrir hinum og þessum uppákomum og fleira í þeim dúr. Næsta ferð verður farin vorið 2027.

6.3 Ferðir á vegum skólans

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útvist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðum gilda hinar almennu skólareglur og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum fararstjóra. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið hvort sem það eru gönguferðir í nágrenni skólans, afþreyingarferðir eða heimsóknir í sveitina.

6.4 Vorskemmtun Grenivíkurskóla

Á vorönn er Vorskemmtun Grenivíkurskóla haldin. Allir nemendur skólans taka þátt. Söngur, leikur og gleði eru allsráðandi og leggja nemendur og starfsfólk mikla vinnu í undirbúning hennar. Ágóði Vorskemmtunar rennur í ferðasjóð unglingsastigs.

6.5 Félagsmiðstöðin Gryfjan

Félagsmiðstöð gengur út á heilbrigðar tómstundir, fræðslu og samskipti. Þar er markmiðið að stuðla að auknum félagslegum þroska barna og unglings, skýrari sjálfsmýnd og forvörnum varðandi andlega- og líkamlega heilsu og skaðlega hegðun. Leitast er við að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga. Virðing, umhyggja, víðsýni, samkennd, jafnrétti, vinátta, frumleiki og frumkvæði eru helstu leiðarljósin.

Forstöðumaður er í nánu samstarfi við nemendaráð og þau börn/unglinga sem nýta félagsmiðstöðina. Þessir aðilar hafa samráð við skipulagningu starfseminnar og deila með sér verkum og ábyrgð varðandi það sem í boði er í félagsmiðstöðinni. Þetta er gert til að efla áhuga, frumkvæði og þá tilfinningu að þetta sé þeirra félagsmiðstöð sem byggi á starfi þeirra sjálfra. Forstöðumaður ber þó alla ábyrgð á starfseminni.

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar nær yfir alla árganga í Grenivíkurskóla. Fyrir yngsta stig er félagsmiðstöð í nokkur skipti á vetri. Starfsemi og fjölbreytni eykst eftir því sem nemendurnir verða eldri. Fyrir 5. – 7. bekk er félagsmiðstöð í tvö til fjögur skipti á önn. 8. – 10. bekkur hittist oftar í félagsmiðstöð. Starfsemin samanstendur af hópastarfi, frjálsum tómstundum, böllum, ferðalögum o.fl. Félagsmiðstöðinni er úthlutað ákveðinni fjárhæð fyrir hvert starfsár sem nota skal til að greiða kostnað.

Félagsmiðstöðin starfar í nánu samstarfi við Grenivíkurskóla. Félagsmiðstöð nýtir húsnæði og tæki skólans í samráði við umsjónarmann fasteigna og skólastjóra. Samvinna er við starfsfólk skólans um tiltekin verkefni og/eða einstakar uppákomur.

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar má finna á heimasíðu skólans:

<http://www.grenivikurskoli.is/is/stodthjonusta/felagsmidstod>